



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Alþingi
Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Borgarnesi 11. 12 2020

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 336. mál.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) tekur undir nauðsyn þess að jafna kostnað við dreifingu raforku, enda hefur það verið baráttumál samtakanna um árabíl.

Markmið frumvarpsins er að stuðla að jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu raforku í dreifbýli sem er mikið réttlætismál gagnvart íbúum landsbyggðarinnar. Líkt og fram kemur í umsögn Byggðastofnunar er það í samræmi við lið A.14 í gildandi byggðaaáætlun um aukinn jöfnun orkukostnaðar í dreifbýli og þéttbýli og það er einnig í samræmi við áherslu í tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 um jöfnun orkukostnaðar á landsvísu.

Stjórn SSV telur óeðlilegt að dreifðar byggðir beri einar þann kostnað sem felst í endurnýjun og styrkingu dreifikerfis raforku í dreifbýli, en allt frá upptöku jöfnunargjalds raforku árið 2015 hefur kostnaður við dreifingu raforku aukist jafnt og þétt í dreifbýli umfram kostnað í þéttbýli. Líkt og fram kemur í umsögn RARIK hefur þurft að styrkja raforkuinnviði m.a. vegna uppbyggingar á ferðaþjónustu, sem er mikilvæg atvinnugrein fyrir þjóðarbúið og ljóst er að styrkja þarf kerfið enn frekar á komandi árum til að það geti tekist á við áform um orkuskipti.

Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hafa háir taxtar á dreifikostnaði í dreifbýli stuðlað í auknum mæli að fólksfækkun, samdrætti í atvinnurekstri og tilheyrandi neikvæðum byggðalegum áhrifum. Við þessu þarf að bregðast og því fagnar stjórn SSV að verja eigi auknu framlag til verðjöfnunar á flutnings- og dreifikostnaði raforku á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Stjórn SSV áréttar mikilvægi þess að gæta að því að jöfnun kostnaðar gangi ekki til baka á örfáum árum vegna gjaldskrárhækkana hjá Landsneti og dreifiveitum.

Stjórn SSV fagnar því að þetta frumvarp sé komið fram og tekur undir mikilvægi þess að jafna kostnað við dreifingu raforku.

Með vinsemi og virðingu

Páll S. Brynjarsson
Framkvæmdastjóri SSV